

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 26. júní 2020
UST202006-236/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Kirkja og kirkjugarður í Þorlákshöfn- Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir kirkju og kirkjugarð Þorlákskirkju í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram að markmið verkefnisins er að vinna heildar deiliskipulag af kirkju- og kirkjugarðssvæðinu í Þorlákshöfn, þar sem er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir kirkjuna, bílastæðum, geymslusræði og kirkjugarður er stækkaður til suðurs.

Hafnarnes við Þorlákshöfn

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, er á náttúruminjaskrá og nefnist Hafnarnes við Þorlákshöfn og er númer 757 sem aðrar náttúruminjar og er svæðið skilgreint sem útivistarsvæði.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ofangreint komi fram og hvort tillagan hafi áhrif á verndargildi náttúruminja.

Vegir í náttúru Íslands

Tillagan gerir ráð fyrir akfærum útivistarstíg sem liggur frá núverandi bílastæði að bílastæði c- áfanga. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að akfær útivistarstígur /útivistarstígur sé skilgreindur á uppdrætti sunnan við bílastæði í c-áfanga. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.


Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun bendir á að Skipulagsstofnun hefur unnið fyrirmyndar leiðbeiningarit varðandi gerð vegaskrárinnar sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar: https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur